



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á 70 ára afmælishátíð  
Tónskáldafélags Íslands  
í Hörpu 13. júní 2015**

Kæru hátíðargestir

Það er vel til fundið að fagna hér í dag merkum tímamótum í sögu íslensks tónlistarlífs, hylla frumherjana og árétta ríka hlutdeild tónskáldanna í þróun íslenskrar menningar og lista, í þeim þáttaskilum sem orðið hafa á undanförunum áratugum.

Menningarlíf Íslendinga var á fyrra helmingi síðustu aldar býsna fábrotið; þjóðin nýskriðin úr harðindum 19. aldarinnar; ríflega fimmtungur flutti þá búferlum vestur um haf í leit að betra lífi, fullveldið hvíldi á ótraustum stoðum, borgarlíf á bernskuskeiði. Um aldir höfðu bókmenntir skipað öndvegi; sjálfstæðisbaráttan háð með tilvísan til glæstra verka frá gullaldarskeiði þjóðveldistíma; kynt var undir baráttuandann með ættarjarðarljóðum og herhvöt skálda. Aðrar listgreinar voru nánast nýgræðingar: örfáir málara að feta fyrstu sporin og tónlistarlíf takmarkað.

Það var því djærft tiltæki að kalla þá til fundar fáeina einstaklinga á skrifstofu ungrar stofnunar, Ríkisútvarpsins, til að ræða stofnun félags sem ætlað var að vaka yfir réttindum og hagsmunum íslenskra tónskálda, stéttar sem þá var varla til í augum almennings. Á engan er hallað þó nefnt sé nafn Jóns Leifs í þessu sambandi, hins ótrauða og sérstæða baráttumanns í félagsmálum íslenskra listamanna. Markmið hans og annarra voru í senn háleit og fjarlæg: að tryggja réttindi íslenskra tónskálda og laun fyrir verkin. Í

þeirri baráttu var löngum á brattann að sækja en sigrarnir voru líka margir og staða íslenskra tónskálda sannarlega önnur og betri á okkar dögum en þegar frumherjarnir komu saman í útvarpshúsinu forðum daga.

Það var engin lognmolla í réttindabaráttu íslenskra tónskálda, nýjar áskoranir, sjónarmiðin fjölbreytt og einstaklingarnir litríkir og skapheitir; stundum sló í brýnu, jafnvel á opinberum vettvangi með hvössum greinum og spjótalögum á báða bóga. En sífellt miðaði áfram og nú blasir við veruleiki sem sannarlega hefði verið fjarlægur draumur í fundarherberginu fyrir 70 árum þar sem karlarnir fimm komu saman: við eigum nú Sinfóníuhljómsveit sem stenst snúning hinum bestu í veröldinni, frábæra sveit íslenskra tónskálda og hér í Hörpu hefur verið byggt glæsilegt og fjölsótt musteri íslenskrar tónlistar.

Eitt hið fyrsta sem íslensk tónskáld höfðu forgöngu um var tónlistarsýningin árið 1947 þar sem varpað var á vegg mynd af lítilli símfóníuhljómsveit: „Án hljómsveitar fær engin tónlist þróast,“ sagði Jón Leifs og bætti við: „Hljómsveit á Íslandi má ekki standa að baki nokkurri annari hljómsveit erlendis að gæðum, þarf eiginlega að vera betri en nokkur önnur hljómsveit: smáþjóðirnar þurfa að skara fram úr stórþjóðunum ef þeim á að takast að vekja eftirtekt.“

Þessi metnaður Jóns Leifs og frumherjanna hefur einkennt íslenskt tónlistarlíf á undanförunum áratugum. Við höfum verið svo lánsöm að eiga öflugan brúarsmiði, eldhuga sem ekki sjást fyrir í ódrepanni metnaði við að kynna hið allra nýjasta í straumum sinnar tíðar, flytja hingað fremstu listamenn veraldar og gefa almenningi kost á að njóta þeirra.

Íslensk tónskáld hafa hér gegnt mikilvægu hlutverki. Þau sækja sér menntun og áhrif víða að úr veröldinni og flytja heim, slá hvergi af í kröfum um frumleika og nýsköpun. En á sama tíma hafa tónskáldin samið söngperlur sem við grípum til á stærstu stundum lífsins. Þau hafa sett tónavængi undir ljóð þjóðskáldanna sem okkur þykja nú svo sjálfsgðir og náttúrlegir að þeir hljóti að hafa verið samferða ljóðinu alla tíð; jafnvel vængi við ljóð sem er hátt í átta alda gamalt og nú einatt sungið þegar Íslendingar kveðja látna ástvini; tónskáldin ómissandi þegar við viljum gera augnablikið eilíft í minningunni.

Íslenskt tónlistarlíf er á þessari nýju öld bæði fjölbreytt og litskrúðugt: kórar í hverju byggðarlagi, víða margir, og veigamikill hluti af efnisskrám sönglög íslenskra tónskálda. Hljómsveitir og einleikarar flytja íslenska tónlist á heimaslóð og um veröld víða; æska landsins iðin í tónlistarskólum; gaman að heyra börn í sjávarplássum og sveitum eða hér í borginni kynna nýleg verk og vera svo æ oftar vitni að komu ungra tónskálda fram á völlinn.

Þið getið sannarlega verið stolt af þessum gróanda og við erum öll þakklát frumherjunum og þeim sem lögðu grundvöllinn með djarfri baráttu fyrir íslensku tónlistarlífi.

Því færi ég Tónskáldafélagi Íslands og ykkur öllum árnaðaróskir um leið og ég þakka fyrir hönd þjóðarinnar ómetanlegt framlag til íslenskrar menningar.